

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 09.12. 2021**

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegur 29B, kl 11:00.

**Mættir:** Haukur Már Haraldsson, Grímur Kolbeinsson, Tryggvi Þór Agnarsson og Hjörtur Guðnason. **Katrín Jónsdóttir.** **Forföll:** Heimir Örn Gunnarsson og Katrín Jónsdóttir.

### **Dagskrá fundar:**

1. Staðan í Skálholti
- 2.. Fjármálin
3. Önnur mál.

#### **1. Skálholti.**

Framkvæmdir halda áfram í kjallaranum, en okkur hefur ekki borist skýrsla um stöðuna . Ljóst er þó að vegna seinkunar framkvæmda verður opnun sýningar á staðnum varla fyrr en á vordögum.

#### **2. Fjármál.**

Staða fjármála er góð. Fyrirtæki byrjuð að styrkja okkur. Formaður hefur undirritað samning við Uppbyggingarsjóð Suðurlands um fjárhagslegan styrk sjóðsins við uppsetningu sýningarinnar í Skálholti.

#### **3. Önnur mál.**

- a) Fyrirtækið Útilegumaðurinn hefur geymt fyrir okkur 4 bretti af hlutum sem við þurfum nú að koma í aðra geymslu. Tryggva var falið hafa samband við Stólpa-Gáma og kanna kostnað við að leigja 20 feta gám.
- b) Verið er að skoða möguleika á að Prentsögusafn verði hluti af nýjum miðbæ á Selfossi.
- c) Hugmynd kom upp á fundinum um að stjórnin fari út að borða með mökum í byrjun næsta árs. Verður skoðað.

Fundi slitið 11:35

Grímur Kolbeinsson, ritari